

Samfélags- skýrsla IKEA á Íslandi



Það er eins og þægilegra líf hafi fengið nýja og dýpri merkingu þessa dagana. Nýir hlutir voru merki um lífsgæði og velgengni en tímarnir breytast og mennirnir með. Breytingar krefjast nýrrar hugsunar þar sem til dæmis endurnýting og deilihagkerfi eru sjálfsagt mál. Í augum margra snýst þetta ekki einu sinni um hluti. Þægilegra líf þýðir hreint loft, hreint drykkjarvatn og góður næringarríkur matur.

Þar að auki vill fólk fullvissu um að fyrirtæki og stofnanir sem það treystir, sé í raun traustsins vert. Það vill gagnsæi, og flestir vilja vera hluti af lausninni. Við viljum langflest finna hagkvæmar og einfaldar leiðir til að lifa sjálfbærara og heilsusamlegra lífi.


Þetta eru góðar fréttir fyrir okkur í IKEA. Það er hluti af erfðaeefni okkar að vera útsjónarsöm og umhverfisvæn. Við viljum vera í fararbroddi við að veita fólki innblástur til að lifa heilsusamlegu og sjálfbæru lífi í sanngjörnu samfélagi.

Þess vegna er IKEA um allan heim að taka breytingum. Verið er að endurhugsa allt frá því hvernig við hönnum hluti til þess hvernig við framleiðum þá, hvernig við veljum hráefni, flytjum, seljum og lokum svo hringrásinni þannig að tryggt sé að ekkert fari til spillis. Við erum að skapa hringrásar-IKEA sem mun hafa jákvæð áhrif á fólk og jörðina.

IKEA ætlar að vera hluti af lausninni.

Efnisyfirlit

IKEA sýnin er okkar innblástur	3
Poeple & planet positive	4
Siðareglur IKEA á heimsvísu	5
Hvernig getur IKEA haft jákvæð áhrif	6
Þrjár aðaláherslur	7
Heilsusamlegt og sjálfbært líf	8
Hringrás og jákvæð loftlagsáhrif	10
Sanngirni og jafnrétti	12
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	14
Lykiltölur	16
Umhverfisstefna IKEA á Íslandi	17



IKEA sýnin er okkar innblástur

Til að IKEA á alþjóðavísu geti náð fram miklum og jákvæðum breytingum í heiminum höfum við sett okkur sjálfbærnistefnu bæði hérlandis og erlendis. Hún er hvatning, aðhald og leiðir okkur við ákvarðanatöku og markmiðasetningu. Stefnan er vegvísir sem auðvelt er fyrir okkur að fylgja og útlistar sterka og sameiginlega langtímaáætlun. Í þessari vinnu, eins og allri annarri vinnu innan IKEA, er það sameiginlega sýnin okkar sem er okkar leiðarljós – að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta.



People & Planet positive

Sem alþjóðlegt stórfyrirtæki erum við meðvituð um hversu mikil áhrif við getum haft við að auðvelda fólki að lifa daglegu lífi án þess að ganga á auðlindir jarðarinnar. Við viljum nýta okkur stærðina til að ná til og hvetja sem flesta til að huga að þessum málum.

Umhverfisstefna IKEA á alþjóðavísu, People & Planet positive, kom fyrst út árið 2012 og í henni voru tiltekin markmið sem að mestu hefur verið náð, til dæmis að nota eingöngu bómull af sjálfbærari uppruna, selja eingöngu LED lýsingu í IKEA og nota eingöngu pappír og við af vottuðum uppruna. Stefnan var uppfærð árið 2018 með nýjum markmiðum til ársins 2030.



Siðareglur IKEA á heimsvísu

IWAY eru siðareglur birgja IKEA og þær skilgreina til hvers við ætlumst af viðskiptavinum okkar í virðis_keðju IKEA hvað varðar umhverfið, dýr og síðast en ekki síst góð starfsskilyrði og -ánægju starfsfólks. Staðlinum er skipt í almennan hluta og aukahluta og er byggður á tíu grunnreglum. Hver grunnregla er svo studd IWAY kröfum sem allir birgjar IKEA, en þeir eru rúmlega 9.500 talsins, þurfa að standast til að geta efnt til samstarfs við IKEA og viðhaldið því.

IConduct eru siðareglur sem eiga að tryggja að sérleyfishafar IKEA um allan heim hafi ákveðna og samræmda ferla yfir skilvirkar mælingar, skýrslugjöf og viðbragðsáætlanir vegna atburða eða annars sem gæti haft neikvæð áhrif á reksturinn og IKEA vörumerkið. Sérleyfishöfum IKEA er skylt að tilkynna varasöm atvik og viðhafa ákveðna krísustjórnun í samráði við Inter IKEA Systems B.V. IConduct siðareglunum er skipt niður í sex flokka og hver flokkur hefur ábyrgðarmannskju innan fyrirtækisins sem tryggir að unnið sé að því að uppfylla skilyrði hvers flokks fyrir sig. Farið er yfir IConduct árlega.



Hvernig getur IKEA haft jákvæð áhrif?

Stærð fyrirtækisins veitir okkur einstakt tækifæri til að vera fordæmisgefandi í jákvæðum breytingum í samfélaginu.

Við horfum gagnrýnum augum á alla anga fyrirtækisins og hvetjum til umræðna og gerum viðskiptavinum og starfsfólki kleift að taka þátt.

Hver og einn getur sett fordæmi og mikilvægt er að skoða hvernig hægt er að ná til eins margra og mögulegt er.

Mikilvægur hluti okkar starfsemi er að nýta stærð, sköpunarkraft, nýsköpun og þekkingu innan fyrirtækisins á heimilislífi við að koma á breytingum til batnaðar.

Þegar við tölum um jákvæð áhrif þýðir það að við stefnum alltaf að því að hafa áhrif út fyrir fyrirtækið.

Við skuldbindum okkur til að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta og ná kolefnishlutleysi fyrir fólk og jörðina.



Þrjár aðaláherslur

IKEA á Íslandi starfar eftir alþjóðlegri umhverfisstefnu IKEA, People & Planet Positive, ásamt því að móta sína eigin stefnu og setja sér markmið. Umhverfismálin eru og hafa lengi verið mikilvæg í

starfsemi IKEA á Íslandi og sífellt meiri áhersla er lögð á samfélagsábyrgð. Við leitum leiða til gera betur og veita okkur aðhald, til dæmis með því að mæla losun gróðurhúsalofttegunda og

fylgjast með árangri í gegnum umhverfisstjórnunarkerfi Klappa. Áskoranir fyrirtækisins eru af ýmsum toga, meðal annars að hafa jafnvægi á fjárhagslegum vexti annars vegar og jákvæðum

samfélagslegum og umhverfisvænum áhrifum hins vegar. Í umhverfisstefnunni er áskorunum og markmiðum skipt niður í eftirfarandi þrjá flokka:



**Heilsusamlegt
og sjálfbært líf**



**Hringrás
og jákvæð
loftlagsáhrif**



**Sanngirni
og jafnrétti**

Heilsusamlegt og sjálfbært líf

IKEA á alþjóðavísu hefur skuldbundið sig til að veita milljónum einstaklinga kleift að gera daglegt líf betra og veita innblástur innan þolmarka jarðarinnar.

Heimili okkar og lifnaðarhættir hafa mikil áhrif á heilbrigði okkar, líðan og náttúruna. Víða í heiminum eru vatn, matvæli og loftgæði áhyggjuefni og áhrif mengunar og úrgangs eru nú þegar áþreifanleg í daglegu lífi margra.

Sem húsbúnaðarfyrirtæki leggjum við mikla áherslu á að nota sjálfbærari efnivið, ferli og lausnir og sem veitingastaður og matvöruverslun reynum við af fremsta megni að hafa hráefnið heilsusamlegt og næringarríkt.

Við erum einnig með sjálfbærari lausnir og þjónustu fyrir viðskiptavinum ásamt því að veita innblástur og auðvelda fólki að gera jákvæðar breytingar á lífsstíl og vera sjálfbærari neytendur.

Mikilvægur hluti af því að stuðla að heilsusamlegu og sjálfbærara lífi er að miðla upplýsingum um vörurnar til að auðvelda viðskiptavinum að velja sjálfbærari vörur, vekja fólk til umhugsunar og hvetja önnur fyrirtæki til að huga að þessum málum.





Heilsusamlegt og sjálfbært líf



IKEA á Íslandi hefur nú þegar: **Markmið fyrir næstu ár:**

Lagt áherslu á að miðla upplýsingum um sjálfbærara hráefni og eiginleika vara í verslun, á vef IKEA og á samfélagsmiðlum. Ásamt því að veita innblástur og upplýsa viðskiptavinum um framboð og eiginleika sjálfbærari vara sem eru betri fyrir heilsusamlegri og sjálfbærari lifnaðarhætti.

Aukið við úrval sitt á heilsusamlegri réttum á veitingastað ásamt réttum sem hafa minna loftslagsspor.

Að veita fólki innblástur að heilsusamlegri og sjálfbærari lífi heima fyrir.

Að einfalda viðskiptavinum að velja vörur með sjálfbærari eiginleika.

Hringrás og jákvæð loftlagsáhrif

Umsvif fyrirtækisins á alþjóðavísu gerir okkur kleift að hafa áhrif á og jafnvel umbreyta heilum atvinnugreinum í jákvæða átt með skilvirkri framleiðslu, flutningum og þjónustu. Það býður einnig upp á betri möguleika á finna

lausnir sem hjálpa fólki að draga úr umhverfisáhrifum og hvetja til hringrásarhugsunar og sjálfbærari neyslu og koma til móts við þarfir og langanir fólks í dag án þess að gera málamiðlanir fyrir komandi kynslóðir.



Hringrás og jákvæð loftlagsáhrif



IKEA á Íslandi hefur nú þegar:

Sett sér markmið um flokkun innan fyrirtækisins og fyrir viðskiptavinum.

Komið fyrir pappatunnu við útganginn þar sem viðskiptavinir geta skilið eftir pappa eftir verslunarferðina.

Sett upp flokkunaraðstöðu fyrir viðskiptavinum við innganginn þar sem þeir geta komið með ljósaperur, dósir, rafhlöður og fleira.

Gefið molu yfir sumartímann í samstarfi við Terra.

Boðið upp á hleðslu gegn vægu gjald fyrir rafbíla með 60 hleðslustöðvum við verslunina.

Keypt rafbíla sem viðskiptavinir geta fengið til að flytja vörurnar heim fyrir lítinn kostnað.

Sett upp 160 m² af sólarcellum á þaki byggingar við verslunina.

Markmið fyrir næstu ár:

Draga úr matarsóun með því að vigta það sem fellur til á veitingasviði.

Útbúa flokkunarhandbók fyrir starfsfólk og efla fræðslu um flokkun.

Leita leiða til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og bæta flokkun.

Flokkunarhlutfallið verði 90% og endurvinnsluhlutfallið verði 75% í lok viðskiptaársins 2023.

Sanngirni og jafnrétti

Við stöndum frammi fyrir mörgum áskorunum í heiminum í dag og við erum sannfærð um að fyrirtækið getur veitt innblástur og haft jákvæð áhrif á samfélagslega þróun.

Með því að veita starfsfólki í allri virðiskeðjunni mannsæmandi laun við góðar vinnuaðstæður.

Börn og fjölskyldur hafa alltaf verið í brennidepli hjá IKEA. Við getum stutt við jafnrétti kynjanna sem og jaðarhópa í samfélögum.

Sýn IKEA og metnaður nær yfir alla virðiskeðjuna og við gerum sömu eða hærri kröfur gagnvart okkur sjálfum og okkar birgjum og viðskiptafélögum.

IKEA á Íslandi hefur sett sér eigin siðareglur fyrir starfsfólk.





Sanngirni og jafnrétti



IKEA á Íslandi hefur nú þegar:

Útbúið samfélagsstefnu
sem inniheldur kynferðis- og
eинeltissáætlun.

Komið á styrktarsjóð sem er
úthlutað til fjölda verkefna
árlega sem tengjast börnum.

Hlotið jafnlaunavottun sem
hefur verið endurnýjuð frá árinu
2013.

Boðið upp á íslenskunámskeið
fyrir starfsfólk af erlendum
uppruna á vinnutíma.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru ákall um aðgerðir í öllum löndum – ríkum og fátækum – um að auka velmegun og standa vörð um náttúruna á sama tíma. Þau eru aðgerðaáætlun í þágu mannkynsins, jarðarinnar og hagsældar.



Í daglegri starfsemi fyrirtækisins er starfsfólk hvatt til að lifa heilsusamlegum lífsstíl með fræðslu, næringu og styrkjum. Samstarf IKEA á Íslandi við Heilsuvernd felst meðal annars í árlegri heilsufarsmælingu og fræðslu. Á heimsvísu er heilsa og vellíðan ein grunnstoða umhverfisstefnunnar og stöðugt er leitað leiða til að færa sem flestum húsbúnað sem gerir heimilislífið heilsusamlegra.



IKEA var með fyrstu fyrirtækjum sem hlutu jafnlaunavottun VR árið 2013. Strax frá fyrstu vottun kom í ljós að afar lítil frávik voru til staðar varðandi laun fyrir sambærileg störf þrátt fyrir afar fjölbreytt störf innan fyrirtækisins. Vottunin hefur verið endurnýjuð reglulega síðan og alltaf komið vel út.



IKEA á Íslandi er með virka viðbragðsáætlun gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni, einelti og ofbeldi, og tekið er hart á slíkum brotum.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA




IKEA er eitt þekktasta fyrirtæki í heimi á húsbúnaðarmarkaði og tengist hundruðum milljóna manns í gegnum starfsemi sína um allan heim. Í ljósi stærðar og útbreiðslu ber IKEA mikla ábyrgð, sem er líka tækifæri til að hafa jákvæð áhrif. Markmið IKEA er að gera sjálfbæra lifnaðarhætti raunhæfan kost fyrir marga en ekki lúxus fyrir fáa. Það er til dæmis gert með vottun fyrir ábyrgri skógrækt og sjávarfangi ásamt sjálfbærari bómullurræktun með því að vinna eftir aðferðum Better Cotton Initiative. Nú eru flestar vörur IKEA hannaðar með sjálfbærni í huga og höfum við haft það að markmiði að upplýsa fólk um vörur sem hafa að geyma sjálfbærari eiginleika.

13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM



IKEA á Íslandi hefur mælt og fylgst með losun gróðurhúsalofttegunda vegna starfsemi fyrirtækisins síðan 2015 og gripið til aðgerða til að draga úr losun. Á árunum 2017 til 2019 kolefnisjafnaði IKEA alla losun fyrirtækisins í gegnum Kolvið og Votlendissjóð. Frá 2020 var ákveðið að kolefnisjafna allt nema flutning, bæði innan- og utanlands, og verja heldur meiri fjármunum í fyrirbyggjandi aðgerðir.



Lykiltölur

- Heildarlosun var 1.949 kolefnisígildistonn en var 1.983 árið á undan.
- Vöruflutningar eru 1.564 kolefnisígildistonn af 1.962, eða 82% af kolefnissporinu.
- Heildarorkunotkun dróst örlítið saman eða um 5%.
- Heildarmagn úrgangs var 961.916 kg sem er svipað og árið á undan en þá var það 959.054 kg.
- Flokkunarhlutfallið er 83,8% en var 81,5% FY20.
- Endurvinnsluhlutfallið er 69,6% en var 69,2% FY20.
- Millilandafundir og námskeið hafa verið nokkuð algeng vegna alþjóðlegrar tengingar fyrirtækisins, en vegna heims faraldurs var engin losun vegna ferðalaga FY21.
- Eldsneytisnotkun jókst um 90.904 lítra, eða 34,4%. Dísilnotkun jókst mest, eða um 35,26%. Ástæðan er meiri umsvif í sendingaþjónustu vegna Covid19.

Umhverfisstefna IKEA á Íslandi

- Meta alla birgja í virðis-keðjunni út frá sjálfbærni-áherslum.
- Að gera viðskiptavinum kleift að velja á upplýstan hátt.
- Bæta flokkunaraðstöðu og fræðslu fyrir starfsfólk varðandi flokkun.
- Breyta umbúðum í pappa þar sem það er hægt.
- Draga úr heildarlosun
- Draga úr matarsóun
- Að eldsneytisnotkun aukist ekki á sama tíma og leitað verður leiða til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis
- Bæta flokkun: - Flokkunarhlutfall í 90% viðskiptaárið 2023
- Endurvinnsluhlutfall í 75% viðskiptaárið 2023, nýta plastúrgang.



